



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

PÓRA

**SYNGUR
STRAUSS**

20. SEPTEMBER
2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd tónleika:

Ævintýri Ugluspegils: 18'

Vier letzte Lieder: 22'

Sinfónía: 50'

Söngtextar eru á bls. 10-11.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum Hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.facebook.com/icelandsymphony)

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



FIN 20 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

ÞÓRA SYNGUR STRAUSS

Petri Sakari

hljómveitarstjóri

Þóra Einarsdóttir

einsöngvari

EFNISSKRÁ

Richard Strauss
Ævintýri Ugluspegils op. 28 (1895)

Richard Strauss
Vier letzte Lieder (1948)
Frühling
September
Beim Schlafengehen
Im Abendrot

HLÉ

Pjotr Tsjajkovskij
Sinfónía nr. 5 í e-moll, op. 64 (1888)
Andante – Allegro con anima
Andante cantabile, con alcuna licenza
Valse: Allegro moderato
Finale: Andante maestoso – Allegro vivace – Moderato assai
e molto maestoso

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



PETRI SAKARI

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Petri Sakari stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn í október árið 1986 og mörkuðu þeir tónleikar upphaf gifturíks sambands hans við hljómsveitina, íslenskt tónlistarlíf og landið sjálft. Árið 1988 – fyrir réttum 30 árum – tók hann við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og gegndi henni til 1993 og síðan aftur á árunum 1996 til 1998. Í millitíðinni var hann aðalgeststjórnandi hljómsveitarinnar. Á þessu tímabili hefur Sakari stjórnað hljómsveitinni á liðlega 160 tónleikum, í Reykjavík og víðsvegar um landið en einnig í Helsinki og nokkrum öðrum borgum Finnlands, í Stokk-hólmi og Kaupmannahöfn. Þá var hann við stjórnvölinn í ferð hljómsveitarinnar til Grænlands árið 1997. Fjölmarginar geisladiskar Sinfóníuhljómsveitarinnar hjá Chandos- og Naxos-útgáfunum undir stjórn Sakaris vöktu mikla athygli og öfluðu hljómsveitinni alþjóðlegra vinsælda og virðingar.

Petri Sakari fæddist í Helsinki í nóvember 1958 og fagnar því sextugsafmæli sínu innan skamms; segja má að tónleikarnir í kvöld séu tvöfaldir afmælistónleikar. Hann hóf fðlunám átta ára gamall og innritaðist ári síðar í tónlistarháskólann í Tampere, þar sem píanó og óbó bættust við hljóðfæragreinarnar. Hann hóf hljómsveitarstjóraferil sinn aðeins sautján ára að aldri og stjórnaði á námsárum sínum meðal annars Sinfóníuhljómsveit Tampere-tónlistarháskólans og óperu-sýningum í Sibeliusarakademíunni þar sem aðalkennari hans var Jorma Panula. Frá árinu 1983 hefur hann stjórnað öllum helstu hljómsveitum Finnlands, svo sem Finnsku útvarpshljómsveitinni og Lahti-sinfóníunni. Hann var aðalstjórnandi Lohja-sinfóníunnar í Finnlandi 1993–1996, aðalgeststjórnandi Sænsku kammersveitarinnar 1995–1997 og einnig aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gävle í Svíþjóð 2000–2004. Þá var hann aðalhljómsveitarstjóri Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Turku í Finnlandi til ársins 2012. Sakari hefur á ferli sínum látið að sér kveða sem óperustjórnandi og þótti túlkun hans á óperu Gunnars Þórðarsonar um örlög Ragnheiðar biskupsdóttur mjög áhrifamikil.



ÞÓRA EINARSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Þóra Einarasdóttir sópransöngkona hefur hlotið fjölda viðurkenninga og unnið til verðlauna á ferli sínum. Hún var valin söngkona ársins á Íslensku tónlistarverðlauninum 2016 fyrir túlkun sína á *Luonnotar* eftir Sibelius með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Vladimir Ashkenazy, og einnig árið 2017 fyrir frammistöðu sína sem Tatiana í *Evgení Ónegin* hjá Íslensku óperunni. Þóra stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík og framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama. Hún lauk MA-gráðu í listkennslu frá Listaháskóla Íslands árið 2015.

Auk fjölda hlutverka við Íslensku óperuna hefur Þóra m.a. sungið við Ensku Þjóðaróperuna, Opera North, Opera Factory og Hessische Staatsoper Wiesbaden, en þar var hún fastráðinn söngvari í um átta ára skeið. Einnig hefur hún sungið við óperuhúsin í Mannheim, Nürnberg, Darmstadt, Berlín, Basel, Genf, Lausanne, Prag, Salzburg, Bologna og Malmö. Meðal hlutverka Þóru eru Pamína í *Töfraflautunni*, Susanna í *Brúðkaupi Figarós*, Ilía í *Idomeneo*, Despína í *Così fan tutte*, Zerlína í *Don Giovanni*, Eurídíce í *Orfeo ed Euridice*, Cleopatra í *Július Cesar*, Adína í *Ástardrykknum*, Gílda í *Rigoletto*, Mímí í *La bohème*, Michaela í *Carmen*, Sophie í *Der Rosenkavalier*, Xenja í *Boris Godunov*, Adele í *Leðurblökunni* og Lucía í *The Rape of Lucretia*. Hún hefur einnig sungið hlutverk í nýjum óperum eftir Harrison Birtwhistle, Simon Holt, Sunleif Rasmussen og Gregory Frid og er frammistaða hennar í hlutverki Ragnheiðar í samnefndri óperu Gunnars Þórðarsonar enn í fersku minni. Á Listahátíð 2018 fór hún með hlutverk Anne í óperunni *Brothers* eftir Daniel Bjarnason.

Auk tónleika á Íslandi hefur Þóra komið fram á tónleikum víða ásamt þekktum hljómsveitum, meðal annars í Barbican Hall, Royal Albert Hall og Royal Festival Hall í London, Konzerthaus Berlin, Berliner Dome, Philharmonie am Gasteig, Kennedy Center í Washington og Weill Recital Hall í New York. Þóra hefur sungið inn á hljóðritanir bæði hér heima og erlendis. Hún söng hlutverk Mímí í fyrstu heildarútgáfu á óperunni *Vert-Vert* eftir Offenbach sem kom út hjá Opera Rara í London. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verið sæmd hinni íslensku fálkaorðu og Dannebrog-orðunni. Þóra hefur starfað við Listaháskóla Íslands sem fagstjóri söngs síðustu misseri og hlaut nýverið framgang í stöðu prófessors við skólann.



RICHARD STRAUSS

ÆVINTÝRI UGLUSPEGILS


Í smábænum Mölln í norðurhluta Þýskalands er að finna legstein manns sem uppi var á 14. öld og bar nafnið Till Eulenspiegel. Um Ugluspegil, eins og nafn hans útleggst á íslensku, spannst fjöldi þjóðsagna eftir því sem aldir liðu og gengu flestar út á prakkarastrik hans og óhefðbundin uppátæki. Í gamansömu tónaljóði sínu fangaði Richard Strauss (1864–1949) bæði skapgerð Ugluspegils og hið ótrúlega ævintýrabrólt hans.

Verkið hefst á tveimur stefnum sem bæði tákna Ugluspegil: hið fyrra er ljúft og táknað samkvæmt Strauss upphaf ævintýrisins – „Einu sinni var...“; hið síðara, leikið af horni, er fjörukt og óútreiknanlegt. Þetta helsta einkennisstef Ugluspegils snýr aftur hvað eftir annað, sem eins konar viðlag enda er tónsmíðin í rondó-formi, en það einkennist af því að eitt stef hljómar ítrekað í bland við ólíka millikafla. Fyrst sést Ugluspegill ríða á hesti sínum á vit nýrra ævintýra. Hann þeytist á hesti sínum gegnum markaðstorgið, konum og börnum til ómældrar skelfingar; þá þjóta klaríneturnar upp á við og slagverkið þrumar. Hann verður ástfanginn en stúlkan vill ekkert með hann hafa. Því næst fer hann á fund nokkurra fræðimanna í þeim tilgangi að snúa út úr lærdómi þeirra. Tónlistin verður flóknari eftir því sem fræðingarnir flækjast í eigin speki, þar til Ugluspegill rekur tunguna framan í þá og gengur brott sigri hrósandi.

Að endingu grípa örlögin í taumana. Ugluspegill er tekinn höndum og leiddur fyrir dómara undir ógnvekjandi trommuslætti. Hann reynir að blístra til að róa taugarnar en stef hans verður sífellt örvæntingarfyllra. Að lokum er dómur kveðinn upp: „Hengið hann!“ Ugluspegill stígur upp í gálgann og lafir þar, en hljómsveitin kveður með tónum upphafstaktanna og minnir okkur á að taka örlög ævintýrapersónunnar ekki of alvarlega.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var Páll P. Pálsson sem kynnti Ugluspegil fyrir íslenskum tónleikagestum árið 1974. Áður hafði verkið vitaskuld hljómað margoft í útvarpi, fyrst árið 1932. Síðan hafa stjórnað verkinu þeir Osmo Vänskä (1992), Thomas Kalb (2000), Rumon Gamba (2004), Petri Sakari (2007), Stefan Solyom (2008) og Andrew Litton (2014).



RICHARD STRAUSS

FJÓRIR SÍÐUSTU SÖNGVAR

Richard Strauss þekkti möguleika mannsraddarinnar betur en flest önnur tónskáld 20. aldar. Á löngum ferli samdi hann yfir 200 sönglög og hátt í 20 óperur, og var einn þeirra sem lögðu hvað stærstan skerf til óperuformsins á síðustu öld, ásamt Benjamin Britten og Leoš Janáček. Hvergi naut hann sín betur en þegar hann samdi fyrir sópranröddina, sem var honum einkar hugstæð alla ævi. Mörg stórkostlegustu augnablik sem þeirri raddgerð hafa verið gefin í tónlistinni er að finna í óperum á borð við *Salóme* og *Rósarriddarann*.

Að þessu leyti eru *Fjórir síðustu söngvar* rökréttur endapunktur við ævistarf höfundarins. Strauss samdi þá milli maí og september 1948, ári fyrir andlát sitt. Honum entist ekki aldur til að heyrja söngvana flutta á tónleikum; Kirsten Flagstad frumflutti þá í maí 1950 ásamt hljómsveitinni Filharmóníu í Lundúnum undir stjórn Wilhelms Furtwängler.

Á ævi tónskáldsins hafði margt farið á annan veg en ætlað var. Strauss átti farsælan feril allt þar til undirgefni hans við stjórn Hitlers setti strik í reikninginn. Skömmu eftir valdatöku nasista árið 1933 var Strauss skipaður yfirmaður tónlistardeildar ríkisins og sá þann kost vænstan að samþykkja möglunarlaust. Með nafni sínu léði hann stofnuninni auknið vægi og ekki varð betur séð en að hann væri fylgjandi því þegar ákveðið var að banna verk tiltekinna „óæskilegra“ tónskálda. Strauss var ekki hliðhollur nasistum en átti óhægt um vik þar sem tengdadóttir hans var gyðingaættar. Ekki leið heldur á löngu þar til hann hafði bakað sér óvild stjórnvalda með því að efna til óperusamstarfs við rithöfundinn Stefan Zweig sem einnig var af gyðingaættum. Þegar Gestapo komst yfir bréf þar sem Strauss fór niðrandi orðum um kynþáttastefnu nasista fór málið alla leið á borð Hitlers og tónskáldið var umsvifalaust sett út í kuldann.

Við lok síðari heimsstyrjaldar var Strauss rúinn trausti og tekjur hans nánast engar enda óperuhús og tónleikasalir Þýskalands í rústum. Að lokum yfirgaf hann sveitasetur sitt í Bæjaralandi og fluttist til Sviss ásamt eiginkonu sinni. Í *Fjórum síðustu söngvum* bendir fátt til þess að tónlistin sé samin um miðja 20. öld; hún er angurvær og fregablandin. Það haustar að í þessum söngvum, í fleiri en einum skilningi. Í síðasta laginu, *Im Abendrot*, andar skáldið að sér kvöldloftinu og hugleiðir nóttina og dauðann. Í fjarska heyrir söngur tveggja lævirkja en síðan er eins og tíminn standi í stað. „Er þetta kannski dauðinn?“ spyr söngkonan og henni er svarað með dulúðugum hljómunum. Í kyrrlátum lokatöktunum horfist hinn aldni tónsmiður í augu við skapanornirnar og gengur óbugaður út í hina löngu nótt.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þótt Fjórir síðustu söngvar Richards Strauss séu meðal dádustu söngverka 20. aldarinnar hafa þeir sjaldan ratað á efnisskrár Símfóníuhljómsveitar Íslands. Sieglinde Kahmann flutti þá í Háskólabíói árið 1980 og síðan hafa sungið verkið þær Andrea Catzel (1998), Inger Dam Jensen (2004) og Emma Bell (2010). Þóra Einarsdóttir söng verkið við pianóleik Víkings Heiðars Ólafssonar á hátíðinni Reykjavík Midsummer Music í júní 2013.



PJOTR TSJAJKOVSKÍJ

SINFÓNÍA NR. 5

Medal þess sem setti svip á þróun tónlistar á 19. öld var hvernig óperan og sinfónían – þungavigtargreinar í heimi þar sem smærri form nutu sívaxandi hylli – fjarlægðust hvort annað smátt og smátt. Í fyrstu voru heimar óperu og sinfóníu tæpast aðskildir, enda átti sinfónían rætur sínar að rekja til óperuforleiksins um miðbik 18. aldar. En þau voru sárafá, tónskáld 19. aldar sem voru jafnvíg á sinfóníu og óperu. Reynum til dæmis að ímynda okkur sinfóníu eftir Verdi eða Músorgskí, eða óperu eftir Brahms eða Bruckner – það er næsta óhugsandi. Beethoven var „einnar-óperu-tónskáld“, Wagner og Bizet voru „einnar-sinfóníu-menn“. Sérstaða Pjotrs Tsjajkovskíj (1840–1893) felst ekki síst í því að hann var eitt fárra tónskálda á 19. öld sem lagði merkan skerf bæði til óperu og sinfóníusmíða.

Ekki leit þó alltaf út fyrir að svo yrði. Í heilan áratug, frá 1878–88, lagði Tsjajkovskíj sinfóníusmíði alfarið á hilluna og einbeitti sér að óperum. Þegar hann tók aftur upp þráðinn með fimmtu sinfóníunni sumarið 1888 var það fyrst og fremst vegna innblásturs frá Franz Liszt. Í tónaljóðum sínum, sinfóníum og píanósónötu gerði hinn síðarnefndi tilraunir með nýstárlega framvindu í margþátta verki: eitt eða fleiri stef hljóma í öllum köflum þess og þannig verður heildarsvipurinn sterkari en ella. Svo er einnig um fimmtu sinfóníu Tsjajkovskíj. Um merkingu hennar hefur margt verið ritað en fátt er vitað með vissu. Eina vísbendingu er að finna í glósubók Tsjajkovskíj frá því skömmu áður en hann hóf smíði verksins. Þar skrifar hann: „Inngangur. Algjör uppgjöf frammi fyrir örlögnum? Allegro. Efasemdir, óánægja. Á ég að fleygja mér í faðm trúarinnar?“ Frá því að þessi skissubók kom í leitirnar hefur meginstefið sem birtist hvað eftir annað í ólíkum þáttum verksins fengið nafngiftina „örlagastefið“.

Fyrsti þáttur hefst með stafi sem ber rússneskan blæ. Laglínan er hæg, melankólsk og dimmradda, eins konar útfararmars leikin af klarínettum á lægsta tónsviði. Þetta er „örlagastefið“ svonefnda sem snýr aftur í öllum seinni köflum verksins. Hér er það þó aðeins inngangur að tveimur aðalstefjum. Klarínett leikur burðarhlutverk í fyrra stefinu, hið seinna er fögur strengjahending sem allt eins ætti heima í ballettónlist. Þættinum lýkur með upphafsstefinu sem verður sífellt drungalegra og deyr að lokum út.

Annar þáttur hefst á fögru stafi í einleikshorni. Hér sannast enn og aftur að Tsjajkovskíj hafði lagræna náðargáfu, var kannski mesti melóðferinn í hópi sinfóníuskálda síðan Schubert var og hét. Eftir skamma stund verður stafið að dúett með óbói, en síðan taka sellóin við. Þegar Tsjajkovskíj hefur þróað línuna áfram um stund kynnir klarínettið til sögunnar nýtt stef, en framtíð þess er skyndilega stöðvuð; örlagastefið ryðst fram og kemur öllu í uppnám. Eftir spennuhlaðna þögn tekst hljómsveitinni að ná áttum um stund. Þá snýr örlagastefið aftur tvíeftl og nú á kaflinn sér ekki viðreisnar von. Ekki líður á löngu þar til tónlistin deyr út, örmagna eftir öll átökin.

Á 18. öld og fram á þá 19. mælti hefðin svo fyrir að þriðji þáttur sinfóníu skyldi vera menúett eða afbrigði hans; stundum var hann hraðari og kallaðist þá *scherzo*. Hér bregður Tsjajkovskíj út af vananum og skrifar annars konar dans í þrískiptum takti – þokkafullan vals. Þótt yfirbragðið sé áhyggjulaust skýtur örlagastefið einnig upp kollinum hér, í fagotti skömmu fyrir lok kaflans. Í lokþættinum er stafið enn í sviðsljósinu, en nú í dúr, bjartara og vonmeira en áður. Eins og í fyrsta kafla er stafið eins konar inngangur að sönötuformi. Þegar hápunkt kaflans er náð hljómar hrynur örlagastefsins enn á ný. Sinfóníunni lýkur með óvæntri vendingu, þegar meginstef fyrsta þáttar snýr aftur og lokar þannig hringnum með áhrifamiklum hætti.

Árni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fimmta sinfónía Tsjajkovskíjs hefur hljómað sautján sinnum í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Meðal stjórnenda hafa verið Hermann Hildebrandt (1953), Vladimir Ashkenazy (1973), Jean-Pierre Jacquillat (1981), Paavo Järvi (1993), Osmo Vänskä (1994 og 2015), Stefan Solyom (2004) og Rumon Gamba (2009). Ungsveit SÍ flutti verkið á tónleikum sínum haustið 2016 undir stjórn Eivinds Aadland.

Vier letzte Lieder

1. Frühling

In dämmrigen Grüften
Träumte ich lang
Von deinen Bäumen und blauen Lüften,
Von deinem Duft und Vogelsang.

Nun liegst du erschlossen
In Gleiß und Zier,
Von Licht übergossen
Wie ein Wunder vor mir.

Du kennst mich wieder,
Du lockest mich zart,
Es zittert durch all meine Glieder
Deine selige Gegenwart!

Hermann Hesse

2. September

Der Garten trauert,
Kühl sinkt in die Blumen der Regen.
Der Sommer schauert
Still seinem Ende entgegen.

Golden tropft Blatt um Blatt
Nieder vom hohen Akazienbaum.
Sommer lächelt erstaunt und matt
In den sterbenden Gartentraum.

Lange noch bei den Rosen
Bleibt er stehen, sehnt sich nach Ruh.
Langsam tut er die [großen]*
Müdigewordnen Augen zu.

Hermann Hesse

Fjórir síðustu söngvar

1. Vor

Í rökkvuðum hvelfingum
dreymdi mig lengi
um tré þín og bláan himin,
um ilm þinn og fuglasöng.

Nú liggur þú opinberað
í gliti og skrudði,
yfirljótandi af ljósi,
eins og undur frammi fyrir mér.

Þú þekkir mig aftur,
þú laðar mig ljúflega til þín,
gegnum alla limi mína titrar
unaðarsæl návist þín.

2. September

Garðurinn syrgir,
svalt regnið seytlar niður í blómin.
Það er hrollur í kyrrlátu sumrinu
er það nálgast endalok sín.

Gullið laufblað eftir laufblað drýpur
ofan úr háu akasíutrénu.
Sumarið brosir undrandi og þreytt
inn í deyjandi drauminn um garðinn.

Það staðnæmist ennþá lengi
hjá rósunum, og þráir hvíld.
Með hægð lokar það [stórum]
máttregnum augum sínum.

*Richard Strauss sleppti þessu orði þegar hann tónsetti kvæðið.

3. Beim Schlafengehen

Nun der Tag mich müd gemacht,
Soll mein sehnliches Verlangen
Freundlich die gestirnte Nacht
Wie ein müdes Kind empfangen.

Hände, laßt von allem Tun,
Stirn, vergiß du alles Denken,
Alle meine Sinne nun
Wollen sich in Schlummer senken.

Und die Seele unbewacht
Will in freien Flügen schweben,
Um im Zauberkreis der Nacht
Tief und tausendfach zu leben.

Hermann Hesse

4. Im Abendrot

Wir sind durch Not und Freude
Gegangen Hand in Hand:
Vom Wandern ruhen wir [beide]
Nun überm stillen Land.

Rings sich die Täler neigen,
Es dunkelt schon die Luft,
Zwei Lerchen nur noch steigen
Nachträumend in den Duft.

Tritt her und laß sie schwirren,
Bald ist es Schlafenszeit,
Daß wir uns nicht verirren
In dieser Einsamkeit.

O weiter, stiller Friede!
So tief im Abendrot,
Wie sind wir wandermüde —
Ist dies etwa der Tod?

Joseph von Eichendorff

3. Við kvöldnáðir

Nú þegar dagurinn hefur þreytt mig,
á innileg löngun mín
að taka á móti stjörnuþjartri nóttunni
vingjarnlega, eins og þreytt barn.

Hendur, hættið öllum verkum,
enni, gleymdu öllum hugsunum,
öll skilningarvit mín vilja nú
sökkva sér niður í svefn.

Og sálin sem enginn stendur vörð um
vill svífa um á frjálsu flugi,
til að lifa djúpt og þúsundfalt
í töfrahring næturinnar.

4. Í kvöldroðanum

Við höfum leiðzt hönd í hönd
gegnum neyð og gleði:
Nú hvílumst við [bæði] af göngunni
yfir kyrrlátu landinu.

Allt um kring eru aflíðandi dalir,
loftið er farið að myrkvast,
bara tveir lævirkjar rísa ennþá
dreymandi upp í ilminn.

Komdu hingað og láttu þá flögra,
því að brátt er kominn svefntími,
bara að við villumst ekki
í þessari einveru.

Ó víði, kyrrlátí friður!
Hve göngulúin erum við orðin,
svona djúpt inni í kvöldroðanum —
er þetta kannski dauðinn?

Reynir Axelsson þýddi

SUN **23** SEP 17:00



UNGSVEITIN SPILAR SHOSTAKOVITSJ

Sjaldan hefur eitt tónskáld átt jafn mikið undir viðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta sínfónía Dmítríjs Shostakovitsj var frumflutt í Leníngrad árið 1937, einu harðasta ári ógnarstjórnar Stalíns. Tónlistin er hádramatísk og margir telja sínfóníuna einhverja þá mögnuðustu sem samin var á 20. öld. Einnig hljómar á tónleikunum strengjaverk lettneska tónskáldsins Pēteris Vasks sem hann tileinkar læriföður sínum, Arvo Pärt. Hljóm-sveitarstjóri er Daniel Raiskin sem stýrði Ungsveit SÍ haustið 2017 í glæsilegum flutningi hennar á *Vorblóti* Stravinskíjs.

FIM **27** SEP 19:30 **28** SEP 19:30 **29** SEP 17:00



ARI ELDJÁRN OG SINFÓ – UPPISTAND!

ENDURTEKIÐ VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA

Tónleikar Sínfóníuhljómsveitarinnar og Ara Eldjárns á þarsíðasta starfsári tu geysilegra vinsælda. Uppselt var á þrenna tónleika í Eldborg og eftirspurn eftir miðum var slík að ákveðið var að endurtaka tónleikana í september 2018. Á þessum uppistandstónleikum fléttast saman óborganleg kímni gáfa og meistaraverk tónlistarinnar svo að úr verður sannkölluð eðalskemmtun fyrir alla fjölskylduna. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.

FIM **11** OKT 19:30



TSJAJKOVSKÍJ OG SHOSTAKOVITSJ

Japanska fíðlustjarnan Sayaka Shoji er Íslendingum að góðu kunn, en hún hefur tvívegis leikið á sumarhátíðinni Midsummer Music í Hörpu. Árið 1999 varð hún yngsti sigurvegari í sögu Paganini-keppninnar. Á tónleikunum leikur hún einn dáðasta fíðlukonsert allra tíma, þann sem Tsjajkovskíj samdi árið 1878 handa elskhuga sínum, fíðluleikaranum Josef Kutek. Glitrandi forleikur Bernsteins að óperettunni *Candide* er víðeigandi upptaktur að tónleikunum enda er öld liðin frá fæðingu Bernsteins haustið 2018. Tíunda sínfónía Shostakovitsj er eitt hans vinsælasta verk enda hefur hún bæði að geyma ofsafengna dramatík og innilega ljóðrænu. Stjórnandi tónleikanna er ungstirnið Klaus Mäkelä.

FIN 18 OKT 19:30



LISIECKI SPILAR SCHUMANN

Kanadíski píanistinn Jan Lisiecki er rétt rúmlega tvítugur en ferill hans spannar heilan áratug. Hann vakti heimsathygli þegar hann lék píanókonsert Chopins á Chopinhátíðinni í Varsjá árið 2008, tólf ára gamall. Tveimur árum síðar var hann kominn með samning hjá Deutsche Grammophon. Hér leikur hann hinn undurfagra og rómantíska píanókonsert Schumanns. Franski hljómveitarstjórinn Bertrand de Billy þykir sérlega innblásinn stjórnandi og er með tvö hrífandi en sjaldheyrð verk í farteskínu. *Les offrandes oubliées* (Gleymdar fórnargjafir) eftir Olivier Messiaen og *Pohádka* eða *Ævintýri* eftir tékkneska tónskáldið Josef Suk sem hljómar nú á Íslandi í fyrsta sinn.

FIN 25 OKT 19:30



NOBU & ASHKENAZY

Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð um Japan. Hljómsveitin mun leika á 12 tónleikum víðsvegar um Japan, m.a. í Osaka, Nagoya og Hiroshima og Tókýó. Nú þegar er orðið uppselt á flesta tónleika sveitarinnar. Hljómsveitarstjóri verður Vladimir Ashkenazy, aðalheiðurshljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en hann hefur notið gífurlegra vinsælda í Japan um áratuga skeið. Píanistinn Nobu er einnig stórstjarna í heimalandi sínu og hefur komið fram í öllum helstu tónleikahöllum heims. Hann hefur verið blindur frá fæðingu en lætur það ekki aftra sér og lærir jafnvel erfiðustu verk píanóbókmenntanna eftir heyrn.

Áskriftartónleikarnir 25. október eru eins konar upphitun fyrir ferðalagið og er efnisskráin hin sama og flutt verður í Japan. Píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov er eitt vinsælasta tónverk allra tíma sem gefur Nobu óþrjótandi tækifæri til að sýna snilli sína. Sinfónía nr. 2 eftir Sibelius er sömuleiðis mikið meistaraverk enda var það hún sem þeytti tónskáldinu upp á stjörnuhimin sígildrar tónlistar. *Jökulljóð* samdi Þorkell Sigurbjörnsson árið 1998 sérstaklega að beiðni Ashkenazys og mun það einnig hljóma í Japansferð hljómveitarinnar til þess að minnast þess að Þorkell hefði orðið átræður á árinu.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

20. SEPTEMBER 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lalli
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laura Liu
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Roland Hartwell
Pascal La Rosa
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lóvísa Fjeldsted
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir
Sandra Simón Monje

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Baldvin Tryggvason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Kasper Knudsen

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Maarja Nuut

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Eggert Pálsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttir, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjödamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

REGNBOGA KORT

Settu saman þína eigin
tónleikaröð með
20% afslætti

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með í það minnsta fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar. Nú er hægt að kaupa áskrift og Regnbogakort á sinfonia.is. Námsmenn, 25 ára og yngri, fá 50% afslátt á verðsvæðum 2 og 3.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA